

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	3
2 Friðhelgi einkalífs	4
2.1 Stjórnarskrárvernd	4
2.1.1 Vernd barna og velferð samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjkskr.....	4
2.1.2 Friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjkskr.....	5
2.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	6
3 Hvað er barni fyrir bestu?.....	7
4 Forsjá foreldra	8
5 Samráðsréttur	9
6 Skyldur fagfólks í meðferðarstarfi	10
7 Sérhæfðar meðferðarstofnanir fyrir börn á Íslandi.....	11
7.1 Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans	11
7.2 Meðferðarstofnanir á vegum Barnaverndarstofu	13
8 Þvinganir á meðferðarheimilum.....	13
8.1 Almenn	13
8.2 Ákvæði 82. gr. barnaverndarlaga	14
9 Friðhelgi einkalífs barna á stofnunum.....	15
9.1 Stjórnvaldsfyrirmæli um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum ..	15
10 Lokaorð	21

1 Inngangur

Mannréttindi eru meðal mikilvægustu réttinda þegna hvers ríkis og hefur í aldanna rás verið leitast við að tryggja þau í stjórnarskrám, lögum og alþjóðlegum mannréttindasamningum.

Friðhelgi einkalífs er ein tegund mannréttinda, hún á sér langa sögu og hefur verið talin til grundvallarmannréttinda. Hafa mannfræðirannsóknir bent til þess að friðhelgi einkalífs hafi þýðingu fyrir allar manneskjur og að því sé hún til staðar í hverju samfélagi.¹

Jafnvel þótt friðhelgi einkalífs hafi um langt skeið almennt verið talin til mikilvægra mannréttinda er tiltölulega stutt síðan hugmyndir um rétt barna til einkalífs skutu upp kollinum. Á síðustu árum og áratugum hefur áhersla á mannréttindi barna aukist og hefur tuttugasta öldin oft verið nefnd öld barnsins.²

Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 (hér eftir skammstöfuð stjskr.), segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Raunar hefur ákvæði um friðhelgi heimilis og fjölskyldu verið í stjórnskipunarlögum allt frá því fyrsta stjórnarskrá Íslands tók gildi árið 1874, en inntak hugtaksins hefur þróast og orðið víðtækara með árunum.³ Nú á dögum er litið svo á að fyrrnefnt ákvæði stjórnarskrárinnar verndi réttindi barna til jafns við rétt fullorðinna.⁴

Íslensk löggjöf byggist á því að forsjá og uppeldi barna sé í höndum foreldra og forsjármanna.⁵ Í vissum tilvikum geta börn þurft á sérhæfðri aðstoð fagfólks að halda, t.d. vegna alvarlegra hegðunarörðugleika, vímuefnaneyslu, sjálfsvígshættu, sjálf skaðahegðunar eða annarra erfiðleika. Hefur verið talið réttlætandi að skerða rétt barna til einkalífs í þágu meðferðarhagsmuna og með tilliti til markmiðs vistunar.

Þegar stjórnarskrárbundin réttindi eru takmörkuð er nauðsynlegt að takmarkanir séu lögbundnar og skýrt afmarkaðar en í þessari ritgerð verður fjallað um rétt barna á meðferðarstofnunum til friðhelgi einkalífs og ákvæði laga sem skerða þann rétt, sbr. 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár.

Umfjöllunarefnið verður löggjöf um börn á meðferðarheimilum og leitað verður svara við ýmsum spurningum. Hvaða lagareglur gilda um rétt barna á meðferðarstofnunum til friðhelgi einkalífs? Vernda núgildandi lög hagsmuni barna nægilega eða er úrbóta og frekari lagasetningar þörf? Hvernig er málum háttað á íslenskum meðferðarstofnunum, er réttur barna

¹ Salvör Nordal: „Friðhelgi einkalífsins“, bls. 187.

² Ármann Snævarr: *Barnaréttur*, bls. 1.

³ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 536.

⁴ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 33.

⁵ Ármann Snævarr: *Barnaréttur*, bls. 5.

til friðhelgi einkalífs virtur í raun? Hvaða úrræði hefur barn, sem telur að brotið hafi verið gegn rétti sínum, til einkalífs? Leitast verður við að svara þessum spurningum og í því tilliti verða meðferðarstofnanir á vegum Barnaverndarstofu til umfjöllunar, einkum Stuðlar, sem er meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga. Auk þess verður lítillega fjallað um barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Leitað var víða fanga við heimildaöflun, en um daglega framkvæmd og íslenskan veruleika var rætt við sérfræðinga sem starfa á þessu sviði. Féllust Vilborg Guðnadóttir, deildarstjóri barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, og Sólveig Ásgrímsdóttir, þáverandi forstöðumaður Stuðla, á að veita viðtöl þar sem ýmislegt fróðlegt kom fram. Með góðfúslegu leyfi beggja verður vitnað til þess fróðleiks sem munnlegra heimilda í því skyni að varpa ljósi á framkvæmdina eins og hún er í raun.

Ritgerðin er þannig upp byggð að fyrst verður fjallað um þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem við eiga. Fjallað verður um 3. mgr. 76. gr. stjkskr. sem kveður á um að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, auk þess sem rakin verður 71. gr. stjkskr. um friðhelgi einkalífs. Að því búnu verður fjallað um viðeigandi ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í 16. gr. hans er sérstakt ákvæði að finna um friðhelgi einkalífs barna. Því næst verður fjallað um þá grundvallarreglu barnaréttar um að gera skuli þær ráðstafanir sem barni eru fyrir bestu og álitamál sem henni tengjast. Þá verður rakið hvernig forsjá foreldra og uppeldisskyldur vegast á við rétt barna til friðhelgi einkalífs. Í kjölfarið verður fjallað um samráðsrétt barna og rétt þeirra til að láta skoðun sína frjállega í ljós. Því næst verður fjallað um skyldur fagfólks í meðferðarstarfi. Barna- og unglingageðdeild Landspítalans verður kynnt í stuttu máli en aðaláhersla lögð á umfjöllun um sérhæfðar meðferðarstofnanir á vegum Barnaverndarstofu. Verður fjallað almennt um þvinganir á meðferðarheimilum og ákvæði 82. gr. barnaverndarlaga. Því næst verður fjallað um friðhelgi einkalífs með tilliti til stjórnvaldsfyrirmæla um réttindi barna. Að lokum verður gerð grein fyrir niðurstöðum og ályktanir dregnar af þeim.

2 Friðhelgi einkalífs

2.1 Stjórnarskrárvernd

2.1.1 Vernd barna og velferð samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjkskr.

Í 3. mgr. 76. gr. stjkskr. er kveðið á um að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Er þetta eina ákvæði stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um vernd

tiltekens þjóðfélagshóps en fyrirmynd þess er sótt í 2. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans, sbr. umfjöllun um sáttmálann í kafla 2.2.⁶

Ýmis lög hafa verið sett með vernd barna og velferð að leiðarljósi og mikilvægust þeirra eru barnaverndarlög nr. 80/2002 (hér eftir skammstöfuð bvl.). Með „börnum“ er átt við einstaklinga yngri en 18 ára, sbr. 1. mgr. 3. gr. bvl., en við 18 ára aldur öðlast þeir lögræði samkvæmt 1. mgr. 1. gr. lögræðislega nr. 71/1997.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga eiga börn rétt á vernd og umönnun en markmið laganna er að tryggja að börn, sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu, fái nauðsynlega aðstoð, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. taka löggin til allra barna á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

Meðal þess sem barnaverndarlögum er ætlað að vernda er réttur barna, sem vistuð eru á meðferðarstofnunum, til friðhelgi einkalífs, sbr. 82. gr. laganna.

2.1.2 Friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjkskr.

Þar sem líta ber á börn sem fullgilda einstaklinga með sjálfstæð réttindi skulu þau njóta réttar til friðhelgi einkalífs samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, líkt og aðrir þegnar ríkisins, enda skulu „allir“ njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu samkvæmt ákvæðinu.⁷

Stjórnarskrárákvæðið samrýmist alþjóðlegum mannréttindasamningum, en með orðalagi Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna er rétturinn til einkalífs tryggður „hverjum manni“ og í 17. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi er kveðið á um að „enginn“ skuli þurfa að þola ólögmetra röskun á einkalífi.⁸ Auk þess er í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hérlandis með lögum nr. 62/1994, mælt fyrir um að „sérhver“ maður eigi rétt á friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, en almennt telja fræðimenn að börn skuli njóta mannréttinda til jafns við fullorðna.⁹

Björg Thorarensen hefur fjallað um 71. gr. stjkskr. og hugtakið einkalíf:

Hugtakið *einkalíf* er afar víðtækt og í raun safnheiti, sem nær bæði yfir heimili og fjölskyldu svo og bréfaskipti sem lýst er í 2. mgr. 71. gr., en að auki tekur það til alls þess sem lýtur að persónulegum högum manns. Kjarni hugtaksins felst í því að hver maður hefur rétt til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi, svo og að

⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 558-559.

⁷ Þórhildur Línal: *Barnasáttmálinn*, bls. 33.

⁸ Þórhildur Línal: *Barnasáttmálinn*, bls. 32.

⁹ *Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 2002*, bls. 31.

tilfinningalíf hans, samskipti og tilfinningasambönd við aðra skuli njóta verndar fyrir afskiptum hvort heldur annarra einstaklinga eða stjórnvalda.

Þegar litið er til framkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi skýringu á inntaki einkalífs hefur 8. gr. MSE auk þess verið talin fela í sér vernd á líkamlegu og andlegu sjálfræði manns (*e. integrity*). Einnig falla undir einkalíf *auðkenni manns og sjálfsmynd* og það sem *einkennir hann sem persónu (e. personal identity)* gagnvart umhverfi sínu og öðrum í samfélaginu. Í þessu er fólgin réttur hans til að ráða *nafni sínu, útliti, klæðnaði og kynímynd* svo nokkuð sé nefnt.¹⁰ [...] Skv. 2. mgr. 71. gr. stjkskr. er því aðeins heimilt að gera líkamsrannsókn og leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum að fyrir liggi dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild standi til þess. Það sama gildir um rannsókn á bréfaskiptum og öðrum tjáskiptum manna sem talin eru í ákvæðinu. Öll þessi atriði teljast til lykilkáttanna í einkalífi manns og einnig friðhelgi heimilisins þegar húsleit er annars vegar.¹¹

En hverjar eru afleiðingar þess að brotið er gegn friðhelgi einkalífs manna? Rétturinn til friðhelgi einkalífs nýtur refsiverndar samkvæmt ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en samkvæmt lögunum er m.a. refsivert að hnýsast í bréf og önnur gögn, sem varða einkamálefni manna, skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns, brjóta þagnarskyldu, þegar hún á við, eða meiða æru annars manns með móðgun í orði eða athöfnum.¹² Þá er í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fyrir að fara heimild til að dæma miskabætur úr hendi þess, sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns.¹³

Í danska fræðiritinu Børneret, sem út kom árið 1989, telja höfundarnir Nell Rasmussen og Kari Sønsthagen ólíklegt að foreldrar yrðu látnir sæta refsíábyrgð samkvæmt hegningarlögum fyrir að opna bréf barns síns.¹⁴ Hins vegar yrði brot starfsmanns meðferðarstofnunar gegn t.d. þagnarskyldu litið alvarlegum augum. Um brot opinberra starfsmanna gegn þagnarskyldu gildir 1. mgr. 136. gr. almennra hegningarlaga og varðar brot gegn ákvæðinu fangelsi allt að einu ári, en hafi starfsmaðurinn aflað sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum. Um brot gegn friðhelgi einkalífs gildir 230. gr. sömu laga og við slíku broti eru lagðar sektir eða fangelsi allt að einu ári.

2.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Eitt mikilvægasta leiðarljós barnaréttar nú á dögum er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Hann er í daglegu tali nefndur Barnasáttmálinn.¹⁵ Felur sáttmálinn í sér

¹⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 287-288.

¹¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 298.

¹² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 290.

¹³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 291.

¹⁴ *Friðhelgi einkalífs*, bls. 37.

¹⁵ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 5.

alþjóðlega viðurkenningu á því að börn hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáradilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna.

Barnasáttmálinn mælir fyrir um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna án tillits til búsetu, kynþáttar, litarháttar eða annarra þátta og var sáttmálinn fullgiltur á Íslandi 27. nóvember árið 1992.¹⁶ Sáttmálinn hefur ekki enn verið lögfestur á Íslandi, en með áðurnefndri fullgildingunni hefur Ísland skuldbundið sig að þjóðarétti til að fara að ákvæðum hans.

Eitt af því sem Barnasáttmálinn fjallar um er réttur barna til friðhelgi einkalífs, en í 1. mgr. 16. gr. hans segir að ekki megi láta barn sæta gerræðislegum eða ólögmætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögmætri árás á sæmd þess eða mannorð og í 2. mgr. sömu greinar er tekið fram að barn eigi rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum. Þetta ákvæði sáttmálans tekur til allra barna við allar kringumstæður, hvort sem er innan fjölskyldunnar eða á opinberum stofnunum.¹⁷ Samkvæmt þessu eiga börn augljóslega að njóta friðhelgi einkalífs á þeim stofnunum, sem hér eru til umfjöllunar, en það eru þær meðferðarstofnanir sem reknar eru af Barnaverndarstofu og göngu- og legudeildir barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans.

Í 3. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans eru fyrirmæli um að þar til bær stjórnvöld skuli setja starfsreglur fyrir allar stofnanir, þjónustu og aðstöðu fyrir börn og sjá til þess að þeim sé framfylgt.¹⁸

3 Hvað er barni fyrir bestu?

Grundvallarregla í barnarétti og rauður þráður í allri löggjöf, sem snertir börn, er reglan um að beita skuli þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu.¹⁹ Meginreglan leikur stórt hlutverk í öllu barnaverndarstarfi og kemur vissulega til skoðunar þegar friðhelgi einkalífs barna er annars vegar. Reglan er áréttuð í 1. mgr. 4. gr. bvl., en þar er tekið fram að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Meginreglan kemur einnig fram í 3. gr. Barnasáttmálans, en hvað hún felur nákvæmlega í sér hefur orðið efni til mikilla skoðanaskipta, en telja verður að ekki megi nota regluna í þeim tilgangi að takmarka önnur réttindi samkvæmt sáttmálanum.²⁰ Til skýringar má sem dæmi nefna að löggjafarstofnanir ríkja mættu ekki setja lög um að börn nytu einskis réttar til friðhelgi

¹⁶ *Ársskýrsla Barnaheilla 2010*, bls. 4.

¹⁷ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 32.

¹⁸ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 14.

¹⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 561.

²⁰ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 14.

einkalífs undir þeim formerkjum að sú skipan væri börnunum fyrir bestu. En þrátt fyrir að meginreglan sé lagalega í fullu gildi hefur í framkvæmd ekki alltaf verið mögulegt að gera það sem barninu er fyrir bestu. Kemur þannig fyrir að barni er boðið úrræði sem hentar því ekki fullkomlega, en vegna fjárskorts eða annarra orsaka er það eina úrræðið sem er fært á þeim tíma.²¹ Brýtur það í sjálfu sér gegn Barnasáttmálanum en í 1. mgr. 3. gr. sáttmálans er kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðilar, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir geri ráðstafanir sem varða börn. Þá segir í 2. mgr. 3. gr. sáttmálans að aðildarríki skuldbindi sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skuli þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Í því felst meðal annars að veita nægilegu fé til stofnana og málefna sem taka sérstaklega til barna.²²

4 Forsjá foreldra

Í barnalögum nr. 76/2003 er mælt fyrir um að foreldum beri að annast barn sitt, sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag þess og þörfum, sbr. 1. mgr. 28. gr. laganna. Foreldrar bera einnig ábyrgð á vellíðan og velferð barna sinna, þeim er ætlað að taka ákvarðanir fyrir börn, sem eru ekki nógu þroskuð til að taka þær sjálf, en leiðbeina og styðja þau sem eldri eru þegar taka þarf ákvarðanir um málefni þeirra.²³

Forsjá foreldra og réttur barna til friðhelgi einkalífs vegast óhjákvæmlega á. Spyrja má hvort foreldrar geti sinnt forsjárskyldu sinni og verndað barn sitt ef þeir mega ekki kanna hagi þess með öllum tiltækum ráðum, en almenna reglan er sú að foreldrar hafa t.d. ekki leyfi til að að opna persónuleg bréf barns síns eða lesa persónuleg skjöl vegna þess að slík gögn njóta verndar 71. gr. stjórnarskrár og 16. gr. Barnasáttmálans. Í þessu tilliti verður að sjálfsögðu að taka mið af aldri og þroska barnsins, en samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn rétt á að þeim sé hlíft við gerræðislegum eða ólögumætum afskiptum af persónulegum gögnum þeirra.²⁴

Þegar miklir hagsmunir eru í húfi, eins og þegar grunur er um ólögmett athæfi af hálfu barns, t.d. vörslur fíkniefna, getur þó í einhverjum tilvikum talist réttlætanlegt að „hnýsast“ í

²¹ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

²² Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 14.

²³ *Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 1999*, bls. 148.

²⁴ Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 33.

eigur barns.²⁵ Með öðrum orðum getur verið nauðsynlegt að veita foreldrum rétt til afskipta af einkagögnum barns þegar heill þess eða réttindi eru í hættu.²⁶ Þess skal getið að forsjárskyldur foreldra færast að vissu leyti yfir til meðferðarstofnunar þegar barn er vistað á slíkri stofnun og ber starfsfólki að tryggja öryggi barns sem þar dvelur, veita því umönnun og uppeldi og setja því mörk í samræmi við markmið vistunar.²⁷

5 Samráðsréttur

Í 12. gr. Barnasáttmálans segir að tekið skuli tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. Í 14. gr. sáttmálans er auk þess mælt fyrir um að foreldrum beri skylda til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess. Hefur þessi réttur verið nefndur samráðsréttur og skulu öll börn njóta hans í samræmi við aldur og þroska. Að íslenskum rétti er hvergi að finna almennt ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt, sem er hæsta stig samráðsréttar, en ýmis ákvæði eru í löggjöfni um einstaka málaflokka.²⁸ Lagaákvæði um sjálfsákvörðunarrétt barna á Íslandi miðast mörg hver við aldursmarkið 12 eða 16 ár.²⁹ Unglingar á meðferðarstofnunum eru flestir á aldrinum 13 til 17 ára og skulu því að njóta sjálfsákvörðunarréttar að einhverju marki. Réttur barnsins til að láta skoðanir sínar frjállega í ljós samkvæmt 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans er þó ekki bundinn neinum aldursmörkum.³⁰

Í athugasemdum með frumvarpi til barnaverndarlaga nr. 80/2002 er sett fram sú meginregla í tengslum við 82. gr. bvl. að stofnanir og heimili fyrir börn skuli taka tillit til sjálfsákvörðunarréttar og vilja barns eftir því sem best samræmist aldri þess og þroska, en sama regla kemur einnig fram í 1. gr. laganna. Skal barn eiga rétt á að hafa samskipti við aðra að því marki sem það samræmist markmiði vistunar. Sjálfsákvörðunarréttur um persónuleg málefni skal vera meginregla þótt eðli málsins samkvæmt sæti þessi réttur takmörkunum vegna réttinda og skyldna forsjármanna, aldurs barns og þroska og markmiðs vistunar.³¹

Í athugasemdum með 2. mgr. 4. gr. sömu laga er lögð áhersla á að börn skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska og að barnaverndaryfirvöldum beri að taka tillit til sjónarmiða þeirra og óska eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir. Þessi viðmið eru í athugasemdunum

²⁵ *Friðhelgi einkalífs*, bls. 37.

²⁶ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 33.

²⁷ Þskj. 57, 139. löggjafarþing 2010-11, bls. 43 (enn óbirt í A-deild Alpt.)

²⁸ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 33

²⁹ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 34.

³⁰ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 27.

³¹ Alpt. 2001-02, A-deild, bls. 1868.

sögð vera í samræmi við þróun í löggjafarstarfi um málefni barna á síðustu áratugum þar sem vaxandi áhersla hefur verið lögð á sjálfstæðan rétt barnsins.

Ýmis ákvæði Barnasáttmálans byggja á þessu viðhorfi og hefur íslensk löggjöf tekið mið af þeim í vaxandi mæli. Í 12. gr. sáttmálans er ákvæði þess efnis að bera skuli virðingu fyrir sjónarmiðum barnsins og að aðildarríki sáttmálans skuli tryggja barni, sem myndað getur eigin skoðanir, rétt til að láta þær frjállega í ljós í öllum málum sem það varða og réttmætt tillit tekið til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Miðar reglan ekki við að barn hafi náð tilteknum aldri heldur að rétturinn til að tjá sig um eigin mál verði ríkari með vaxandi þroska og að barni sé einnig sýndur trúnaður af hálfu stjórnvalda og annarra er að málum þess koma. Þegar um mjög alvarlegar upplýsingar er að ræða kann tilkynningarskylda að veða þyngra en skyldan til trúnaðar. Í því tilviki er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til að tryggja öryggi barns og velferð þrátt fyrir þá meginreglu barnaverndarstarfs, sem lögfest var með 8. mgr. 4. gr. bvl., að allir þeir sem vinni að barnavernd skuli gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.³²

6 Skyldur fagfólks í meðferðarstarfi

Þegar barn er komið í mikil vandræði vegna vímuefnanotkunar og afbrota er almennt litið svo á að því sé fyrir bestu að fá meðferð og stuðning. Börn þurfa á leiðbeiningu að halda og í starfi meðferðarstofnunar er ekki síður mikilvægt að þeim séu sett mörk.³³ Forsjárskyldur foreldra færast að vissu leyti yfir til meðferðarstofnunar þegar barn er vistað á slíkri stofnun og ber starfsfólki að tryggja öryggi barns sem þar dvelur, veita því umönnun og uppeldi og setja því mörk í samræmi við markmið vistunar.³⁴

Í starfi meðferðarstofnana eru réttindi barna almennt takmörkuð á fyrstu stigum meðferðarinnar með tilliti til markmiðs vistunar, en samkvæmt meginreglu barnaverndarstarfs skulu barnaverndaryfirvöld leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra, sem þau hafa afskipti af, og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu, sbr. 4. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Samkvæmt 7. mgr. 4. gr. bvl. skulu barnaverndaryfirvöld enn fremur gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða eins og vistunar á meðferðarheimili. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Er þessi regla þannig í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

³² Alpt. 2001-02, A-deild, bls. 1811.

³³ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

³⁴ Þskj. 57, 139. löggjafarþing 2010-11, bls. 43 (enn óbirt í A-deild Alpt.)

Á meðferðarstöðinni að Stuðlum er leitað á barni við innlögn og þegar það kemur úr heimfararleyfum með markmið meðferðarinnar fyrir augum. Reynt er að koma í veg fyrir að barn beri vímuefni inn í húsið, vopn til að skaða sig eða aðra og síma til að hringja í fíkniefnasala eða aðra aðila, sem líklegir eru til að hafa skaðleg áhrif á meðferðina. Hins vegar mega öll börn hringja í barnaverndarstarfsmanninn sinn, foreldra sína og símavin sem samþykktur hefur verið af foreldrunum. Meðferðarstofnun er ekki fangelsi og virðing gagnvart barni þarf alltaf að vera í fyrirrúmi og réttur þess hafður í heiðri. Á Stuðlum er mikil áhersla lögð á að barn sé haft með í ráðum.³⁵

Þegar barn er lagt inn á meðferðarstofnun á vegum Barnaverndarstofu skal starfsmaður barnaverndarnefndar gera skriflegan samning um við foreldri eða forsjáraðila um vistun þess, sbr. 3. mgr. 80. gr. barnaverndarlaga. Ef barn hefur náð 15 ára aldri skal það skrifa, ásamt forráðamönnum sínum, undir vistunarsamning sem aðili máls. Inni á meðferðarstofnunum gilda að meginstefnu sömu sjónarmið varðandi friðhelgi einkalífs og fjallað var um í tengslum við forsjárskyldur foreldra. Þessi sjónarmið hafa verið útfærð nánar í ákvæðum barnaverndarlaga og reglum Barnaverndarstofu í því skyni að tryggja rétt barna á stofnunum til friðhelgi einkalífs, sbr. 82. gr. bvl., þar sem er sérstaklega fjallað um þennan rétt.

7 Sérhæfðar meðferðarstofnanir fyrir börn á Íslandi

7.1 Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans

Á Landspítalanum er barna- og unglिंगageðdeild (hér á eftir nefnd BUGL) sem veitir börnum og unglिंगum með geð- og þroskaraskanir margvíslega þjónustu.

Starfsemi BUGL skiptist í göngudeild og tvær legudeildir; barnadeild og unglिंगadeild. Á þessum deildum fer fram sérhæft mat og meðferð á geðröskunum barna yngri en 18 ára, auk kennslu, handleiðslu og rannsókna á sviði geðheilbrigðisþjónustu barna. Einnig er starfandi sérstakt vettvangsteymi á BUGL sem veitir eftirfylgd eftir útskrift.³⁶ Landspítalinn er eftirlitsaðili BUGL, en spítalinn er, eins og Barnaverndarstofa, undir yfirstjórn velferðarráðuneytisins.

BUGL er bráðageðdeild og eru flestar innlagnir á unglिंगum bráðainnlagnir vegna sjálfsvígshættu, sjálfskaðandi hegðunar, geðrofsástands og fleira.³⁷ Við innlögn er farangur skoðaður lauslega í því skyni að reyna að koma í veg fyrir að hættulegir munir séu hafðir meðferðist inn á deildina. Ef slíkir munir finnast eru þeir geymdir í læstum skáp inni í

³⁵ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

³⁶ Vefsíða Landspítala, <http://www.landspitali.is/pages/14221>

³⁷ Munnleg heimild, viðtal við Vilborgu Guðnadóttur 23. febrúar 2012.

herbergi viðkomandi og um leið er tilgangur leitarinnar útskýrður fyrir barninu og foreldrum þess. Hins vegar er ekki leitað á börnunum sjálfum eða unglíngunum sem leggjast inn á deildina. Litið er svo á ekki sé hægt að koma í veg fyrir að börn feli óæskilega muni enda er BUGL sjúkrahús en ekki fangelsi.³⁸ Á BUGL er farið eftir fjölbjóðlegum stöðlum um öryggiskröfur og úttektir gerðar af Qnic, sem er breskt gæðaúttektarkerfi. Samkvæmt kerfinu þarf meðferðarstaður að uppfylla ákveðna gæðastaðla hvað varðar samskipti við skjólstæðinga, t.d. um snertingu, friðhelgi einkalífs og hvernig standa skal að málum þegar nauðsynlegt þykir að takmarka hin ýmsu réttindi barna. Verklagsreglur þurfa að vera í stöðugri endurskoðun en litið er svo á að fjölskylda sem leitar til BUGL missi ekki réttinn til einkalífs þegar einn fjölskyldumeðlimur leggst inn á deild. Meðferðaraðilum er ekki nauðsynlegt að vita allt um skjólstæðinga sína og verður að leyfa þeim að halda ákveðnum hlutum fyrir sig. BUGL er á jarðhæð og erfitt er að koma algjörlega í veg fyrir að óprúttir aðilar smygli fíkniefnum inn um glugga. Á deildinni eru þó ekki gerðar fíkniefnaleitir og koma því hvorki lögregla né fíkniefnahundar við sögu. Hins vegar eru teknar þvagprufur sé rökstuddur grunur um neyslu, enda næst enginn meðferðarárangur á meðan barn notar vímuefni. Börn sem lögð eru inn á BUGL fá ekki hafa síma. Flestir símar nú til dags hafa innbyggða myndavél og er talið óæskilegt barn geti tekið myndir eða myndbönd af öðrum börnum og því starfi sem fram fer á deildinni. Auk þess er einelti stór hluti af vanda margra unglínga og nota gerendur oft og tíðum síma og tölvur við að koma meiðandi skilaboðum á framfæri. Börnum er alltaf þó frjálst að hafa samband við foreldra sína og á ákveðnum tímum mega þau hringja í vini sem samþykktir hafa verið af þeim sjálfum og foreldrum þeirra.³⁹

Af framangreindu er ljóst að stjórnarskrárvarin réttindi barna eru á ýmsan hátt takmörkuð við innlögn á BUGL en engin lagaheimild stendur til þess. Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. stjkskr. má ekki gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Skortir á að lagaáskilnaði sé fullnægt þegar friðhelgi einkalífs barna er takmörkuð á BUGL, enda tekur 82. gr. bvl., sem um verður fjallað í kafla 8.2, samkvæmt orðalagi sínu, einungis til meðferðarstofnana á vegum Barnaverndarstofu. Ákvæði barnaverndarlaga gilda einungis um þær stofnanir sem settar eru á fót samkvæmt þeim lögum en heilbrigðisstofnanir falla ekki þar undir.

³⁸ Munnleg heimild, viðtal við Vilborgu Guðnadóttur 23. febrúar 2012.

³⁹ Munnleg heimild, viðtal við Vilborgu Guðnadóttur 23. febrúar 2012.

7.2 Meðferðarstofnanir á vegum Barnaverndarstofu

Heimili og stofnanir fyrir börn, sem ríkið rekur á grundvelli barnaverndarlaga, eru undir eftirliti Barnaverndarstofu, sem er stjórnslustofnun undir yfirstjórn velferðarráðuneytisins. Tekur Barnaverndarstofa ákvörðun um hvort meðferð skuli veitt.⁴⁰

Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins, sem starfrækt er í Reykjavík, er greiningar- og meðferðarvistun fyrir unglunga á aldrinum 13 til 17 ára. Á hverjum tíma geta átta unglingar verið á meðferðardeild Stuðla en auk þess eru tiltæk fimm rými í neyðarvistun á lokaðri deild.

Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu, sem sinna langtímameðferð barna, eru þrjú talsins og eru þau öll staðsett utan höfuðborgarsvæðisins. Háholt er í Skagafirði, Laugaland er í Eyjafjarðarsveit og Lækjarbakki á Rangárvöllum. Samtals eru rými fyrir 17 til 20 börn í langtímameðferð á þessum þremur heimilum en þau eru einnig ætluð fyrir börn á aldrinum 13 til 17 ára.⁴¹ Að meginstefnu til gilda sömu lög og reglur um öll meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu en nánar verður fjallað um þær hér á eftir. Einnig er vert að geta um handbók meðferðarheimila sem gefin var út af Barnaverndarstofu árið 2008 en í henni er að finna ýtarlegar verklagsreglur fyrir starfsfólk. Er handbókinni ætlað að vera leiðbeinandi um fagleg vinnubrögð á meðferðarheimilum.⁴²

8 Þvinganir á meðferðarheimilum

8.1 Almennt

Mikið lagasetningarstarf hefur verið unnið á sviði barnaréttar á undanförunum árum, en þau lög sem hér verða helst til skoðunar eru barnaverndarlög nr. 80/2002.

Samkvæmt 79. gr. laganna ber velferðarráðuneytið ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að veita börnum móttöku þegar vandi steðjar að og samkvæmt sama ákvæði skulu stofnanir og heimili á vegum Barnaverndarstofu, undir yfirstjórn ráðuneytisins, taka við börnum í bráðatilvikum vegna ætlaðra afbrota eða alvarlega hegðunarerfiðleika. Á þessum stofnunum og heimilum skal einnig fara fram greining og sérhæfð meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

⁴⁰ *Ársskýrsla Barnaverndarstofu fyrir árin 2008-2010*, bls. 41.

⁴¹ Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/?m=3&ser=98>.

⁴² *Ársskýrsla Barnaverndarstofu fyrir árin 2007-2008*, bls 16.

8.2 Ákvæði 82. gr. barnaverndarlaga

Mikilvægt er að mannréttindi barna, sem dvelja á stofnunum eða heimilum, séu virt og að börnunum sé gefið rými til einkalífs.⁴³ Þegar ætlunin er að takmarka rétt manna til friðhelgi einkalífs verður að liggja til grundvallar skýr lagaheimild eða dómsúrskurður, sbr. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Reglur um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög á slíkum meðferðarstofnunum verða einnig að eiga sér trygga stoð í lögum, sbr. 1. mgr. 67. gr. stjkskr., en samkvæmt ákvæðinu má engan svipta frelsi nema með lögum.

Í 82. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um um rétt þeirra barna sem vistuð eru á meðferðarstofnunum til friðhelgi einkalífs og skýrt í hvaða tilvikum má beita þvingunarráðstöfunum. Þar er í 1. mgr. mælt svo fyrir að öll starfsemi samkvæmt 79. gr. laganna skuli miða að því að tryggja börnum rétt til einkalífs, rétt til að ráða persónulegum högum sínum og rétt til að hafa samskipti við aðra, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins og þroska þess og því marki sem samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra. Samkvæmt 2. mgr. skal barn vera frjálst ferða sinnan innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra, en barni, sem er vistað á heimili samkvæmt 79. gr., má banna að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist. Þá er kveðið á um það í 3. mgr. að óheimilt sé að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum, þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum, nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum. Þá er óheimilt að hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barna nema nauðsyn beri til, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar. Í 4. mgr. eru fyrirmæli um að ráðherra skuli setja reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra. Ráðherra skal setja reglur sem miða að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni eða hættulegir munir berist inn á heimili og um meðferð á persónulegum fjármunum og eignum barns. Í 5. mgr. er síðan mælt svo fyrir að heimilt sé að fela einkaaðilum, sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings, að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt lagagreininni. Að lokum skal í reglugerð, enn fremur mæla fyrir um rétt barns og foreldra til þess að skjóta

⁴³ Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 34.

ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunevndar barnaverndarmála. Það skal tekið fram að ekki hefur verið gefin út ný reglugerð um þau atriði sem mælt er fyrir um í lagagreininni.

82. gr. bvl. var lögfest í núverandi mynd með lögum nr. 80/2011 um breytingu barnaverndarlögum. Vekja ber sérstaka athygli á b-lið 3. mgr. ákvæðisins sem kveður á um að óheimilt sé að beita þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum, nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum.

Með því að telja upp í hvaða nánar tilgreindu tilvikum er heimilt að beita þvingunarráðstöfunum hefur löggjafinn afmarkað inntak ákvæðisins. Verður að telja það mikla réttarbót vegna þeirra mikilvægu réttinda sem þar er um að ræða. Sömu sögu má segja um ákvæði c-liðar 3. mgr. 82. gr. bvl., sem mælir fyrir um að óheimilt sé að hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri til, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar. Markmið vistunar getur verið mismunandi eftir ástæðum og tilgangi meðferðar og með þessu orðalagi er betur tryggt að markmið vistunar verði metið í hverju tilviki og að tekið sé tillit til þess við beitingu ákvæðisins.

Fyrir lögfestingu ákvæðis 3. mgr. 82. gr. bvl. í núverandi mynd var lagaramma um þvingunarráðstafanir gagnvart börnum á meðferðarstofnunum verulega ábótavant. Í eldri lögum var gert ráð fyrir að ráðherra kvæði á um þvingunarráðstafanir í reglugerð, en í lögum sjálfum var engin grein gerð fyrir því í hvaða tilvikum mætti beita þvingunarráðstöfunum. Umboðsmaður barna hafði ítrekað bent á hversu ófullnægjandi væri að kveða á um þvingunarráðstafanir í reglugerð, en til samanburðar gat hann þess að nauðsynlegt hefði talist að setja ýtarleg lagaákvæði um réttarstöðu fanga vegna beitingar þvingunarráðstafana og agaviðurlaga innan fangelsanna.⁴⁴ Að lokum var farið að ábendingum umboðsmanns með með setningu laga nr. 80/2011 um breytingu á barnaverndarlögum.

9 Friðhelgi einkalífs barna á stofnunum

9.1 Stjórnvaldsfyrirmæli um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum

Árið 1995 gaf félagsmálaráðuneytið (sem nú heitir velferðarráðuneytið) út reglugerð nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga sem rekin er að Stuðlum. Reglugerðin var sett með heimild í 51. gr. þágildandi laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

⁴⁴ Skýrsla umboðsmanns barna til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2002, bls. 5.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar skal meðferðarstöðin taka við unglíngum í neyðar- og bráðatilvikum, m.a. vegna óupplýstra afbrota eða stjórnleysis sökum ölvunar eða annarrar vímuefnaneyslu.

Í reglum 1. febrúar 1999 frá Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum, sem settar voru með stoð í 51. og 52. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, er fjallað um aðbúnað barna á meðferðarheimilum en hafa skal hliðsjón af núgildandi barnaverndarlögum við túlkun þeirra. Reglurnar gilda um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga sem rekin er að Stuðlum og öll meðferðarheimili á vegum ríkisins og lúta yfirumsjón Barnaverndarstofu. Samkvæmt reglunum er markmið meðferðarheimila að veita barni sérhæfða meðferð að fenginni greiningu og eftir atvikum er barnið vistað á lokaðri deild eða sett í skammtímavistun í neyðar- og bráðatilvikum þegar það stefnir eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun.

Á meðferðarstöð ríkisins að Stuðlum er lokað deild en meginmarkmið með vistun unglíngs þar er gæsla meðan frekari úrræði eru undirbúin. Neyðarvistun á Stuðlum er nýtt í eins skamman tíma og unnt er og aldrei lengur en í 14 daga, sbr. 16. gr. reglnanna, en neyðarvistun er í eðli sínu mikið inngríp í líf barnsins sem takmarkar sjálfsákvörðunarrétt þess og frelsi. Að einhverju leyti má líkja úrræðinu við fangavist þar sem barni er haldið, oft gegn eigin vilja, á lokaðri deild án síma, tölvu eða annarra tækja til samskipta við umheiminn. Hins vegar er starfsfólk alltaf til staðar fyrir barnið og reynt er eftir fremsta megni að láta því líða eins vel og hægt er.⁴⁵

Meginmarkmið meðferðar er ávallt að aðstoða barn við að taka á vandamálum sínum og undirbúa það til að lifa sjálfstæðu og heilbrigðu lífi innan samfélagsins að vistun lokinni, sbr. 1. gr. áðurnefndra reglna Barnaverndarstofu. Samkvæmt sömu grein skulu meðferðarheimili veita barni sérhæfða meðferð þegar barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun. Í 2. gr. reglnanna er mælt fyrir um að í öllu starfi meðferðarheimila skuli tryggja börnum almenn mannréttindi, m.a. skuli virða persónufrelsi þeirra, rétt til að hafa samskipti við aðra og rétt þeirra til einkalífs. Þetta skal gert innan þess ramma sem leiða má af markmiðum vistunar, en í ákveðnum tilvikum eru þessi réttindi takmörkuð vegna markmiða um t.d. vímuefna meðferð.

Þrátt fyrir að starfsmenn meðferðarheimila geti takmarkað rétt barns til að vera í samskiptum við utanaðkomandi fólk eða leitað að vímuefnum á barni eða í herbergi þess,

⁴⁵ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

þegar grunur leikur á um vímuefnanotkun, ber starfsmönnum ávallt að koma fram af virðingu við barnið, sbr. 2. gr. reglnanna. Samkvæmt 3. gr. þeirra er heimilt að takmarka réttindi barns þegar það telst nauðsynlegt til þess að ná lögmætum meðferðar- og uppeldislegum markmiðum með rekstri meðferðarheimilis og til verndar lífi og heilsu viðkomandi skjólstæðings, annarra skjólstæðinga, starfsmanna eða til verndar eignum. Þessar takmarkanir skulu, samkvæmt 3. gr., framkvæmdar með hliðsjón af meðalhófsreglu þannig að aldrei skuli ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að ná því markmiði sem að er stefnt. Í 4. gr. reglnanna er kveðið á um réttindi barna á meðferðarstofnunum, beitingu þvingana og að hvert meðferðarheimili skuli setja, í samráði við Barnaverndarstofu, almennar reglur um umgengi og önnur samskipti barns við aðila utan meðferðarheimilis og innbyrðis í samræmi við þá meðferðarstefnu sem rekin er á heimilinu. Á Stuðlum eru farsímar t.d. ekki leyfðir, hvorki á lokaðri deild né meðferðardeild. Börn eru í eigin fötum en réttur þeirra til auðkenna sig með merkjum sem vísa til fíkniefnanotkunar eða klámvæðingar er takmarkaður. Meðferðin snýst að mörgu leyti um að auka sjálfstraust og sjálfsvirðingu barnanna og að leiðbeina þeim um siðferðisleg gildi.⁴⁶

Forstöðumaður meðferðarheimilis, eða staðgengill hans, skal taka ákvörðun um heimsóknir, símtöl og póstsendingar, sbr. 4. gr. reglnanna. Þá er samkvæmt 5. gr. heimilt að leggja bann við heimsókn leiki grunur á að heimsóknaraðilar beri með sér fíkniefni, hættulega hluti eða ef heimsóknin þykir stríða gegn markmiðum vistunar. Meginreglan er að ekki megi skoða póst skjólstæðings, en ef rökstuddur grunur er um að honum kunni að vera send fíkniefni eða hættulegir hlutir má forstöðumaður eða staðgengill hans og a.m.k. einn annar starfsmaður skoða póst, sbr. 6. gr. reglnanna. Barninu er augljóslega ekki fyrir bestu að bera fíkniefni inn á deild, vopn til þess að skaða sig eða aðra, eða síma til að geta haldið sinni neyslu áfram og verið í mótþróa gagnvart meðferðinni.⁴⁷

Ef fíkniefni finnast við leit skulu þau í öllum tilfellum afhent lögreglu og hættulegum hlutum skal eyða með samþykki forsjáraðila eða afhenda þeim til varðveislu. Samkvæmt 6. gr. er einnig heimilt að takmarka bréfaskrif, póstsendingar og símtöl barns við aðila utan meðferðarheimilis ef slík samskipti eru talin hafa slæm áhrif á meðferð eða þroskaferli barnsins, en ákvörðun skal vera tímabundin. Heimilt er að hlusta á símtal með samþykki skjólstæðings og rjúfa það ef nauðsynlegt þykir. Viðmælanda barnsins skal sagt frá því ef hlustað er á símtalið, sbr. 6. gr. reglnanna. Í 7. gr. sömu reglna er að finna heimild til að

⁴⁶ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

⁴⁷ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

takmarka samskipti barna á meðferðarheimili innbyrðis ef samskiptin eru talin óæskileg, gangi gegn markmiðum vistunar eða standi meðferð barnsins fyrir þrifum. Hins vegar skal barn ávallt eiga möguleika á samskiptum við starfsmenn meðferðarheimilisins.

Í III. kafla reglnanna er mælt fyrir um þvingunaraðgerðir. Í 8. gr. reglnanna er mælt fyrir um bann við líkamlegum refsingum, einangrunarvist, lyfjagjöfum án samráðs við lækni og beitingu þvingunartækja, s.s. snæris, límbanda, belta eða annarra tækja til að fjötra líkamann. Eru slík tæki ekki leyfileg, hvorki í refsingarskyni né uppeldis- eða meðferðartilgangi. Stundum eru börn lögð inn á Stuðla vegna reiðvanda. Börn sem glíma við vanda af því tagi beita ofbeldi til að ná sínu fram og hafa ógnað starfsfólki.⁴⁸ Um neyðaraðstæður er fjallað um í 9. gr. reglnanna. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að stöðva árás eða aðra hegðun sem er til þess fallin að valda hættu á tjóni á mönnum og munum. Skal þvingun einungis standa yfir á meðan hættuástand varir og vera í samræmi við hegðunina. Í 10. gr. er gefin heimild til að stöðva óæskilega hegðun og mælt fyrir um að líkamleg þvingun, sem felur í sér að skjólstæðingi er haldið föstum eða hann færður milli staða eða herbergja, sé leyfileg í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt reynist að koma í veg fyrir að skjólstæðingur sýni hegðun sem er með öllu óásættanleg. Áður þurfa þó að hafa farið fram tilraunir til að stöðva hegðunina á sem mildastan máta, t.d. með fortölum. Þvingunin skal vera í eðlilegu samræmi við hegðunina og skal ekki vara lengur en brýn þörf er á. Forðast skal að færri en tveir starfsmenn taki þátt í aðgerðinni. Heimild 10. gr. til að stöðva óæskilega hegðun er sú grein sem oftast er nefnd í atvikaskýrslum Stuðla um beitingu þvingunarráðstafana.⁴⁹ Í 11. gr. reglnanna er fjallað um takmarkanir á frelsi skjólstæðinga meðferðarheimila. Samkvæmt nefndu ákvæði skal, í þeim tilvikum þar sem nauðsynlegt er að fjarlægja skjólstæðing vegna óásættanlegrar hegðunar og loka inni fjarri öðrum skjólstæðingum, að jafnaði vera einn starfsmaður inni hjá viðkomandi eða í nærliggjandi herbergi og hafa ólæstar dyrnar að herbergi skjólstæðings. Í framkvæmd er ekki að öllu leyti farið að 11. gr. reglnanna og eru skiptar skoðanir á því hvort starfsmenn eigi að vera með barninu inni á svokölluðu „time out“ herbergi eða hvort það skuli vera eitt meðan hegðun þess er stjórnlaus. Þegar talað er um „time out“ er átt við þegar barn, sem er árásargjarnt, beitir ofbeldi, hefur ekki stjórn á sér og ræðst á fólk eða hluti, er fært inn í herbergi á neyðarvistun Stuðla til að ná stjórn á sér og jafna sig.⁵⁰ Í stöku tilvikum hefur starfsfólk á Stuðlum talið rétt að læsa hurð í einhverjar mínútur meðan barn róar sig niður. Þó er ávallt fylgst vel með því og öryggis þess gætt í

⁴⁸ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

⁴⁹ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

⁵⁰ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

hvívetna. Að mati áðurnefnds heimildarmanns er auðveldara að gagnrýna aðferðir meðferðarheimila utan frá en að takast við raunverulegar aðstæður. Í sumum tilvikum metur fagfólk það svo að barn verði lengur að róa sig niður með starfsmann inni í herberginu, enda hefur það þá einhvern til að beita reiði sinni gegn. Barn er þó aldrei lokað inni í herbergi til að refsa því, heldur er það gert til að stoppa óæskilega hegðun svo það skaði ekki sjálft sig eða eyðileggi of mikið af hlutum. Mat fagfólks er þá að af tvennu illu sé skárri kostur að loka barn inni í herbergi en að því sé haldið niðri af starfsfólki samkvæmt heimild í 10. gr. fyrrnefndra reglna.⁵¹

Samkvæmt 13. gr. reglnanna er heimilt að gera líkamsleit þegar komið er með skjólstæðing í skammtí mavistun í neyðar- og bráðatilvikum, til annarrar vistunar eða úr hvers konar leyfi. Forstöðumanni meðferðarheimilis er auk þess heimilt að ákveða líkamsleit meðan á vistun stendur leiki grunur á að skjólstæðingur feli á sér fíkniefni eða aðra hættulega hluti. Aldrei skulu færri en tveir starfsmenn framkvæma leitina og skal a.m.k. annar þeirra vera af sama kyni og skjólstæðingur. Á Stuðlum er notað orðið „handleit“ og áhersla lögð á að kona leiti á stúlkum og karl á piltum. Fötin eru klöppuð og stundum eru stúlkur beðnar að lyfta brjóstahaldara þegar leitað er að vímuefnum, síma eða vopnum. Þegar kemur að snyrtivörum getur reynst erfitt að staðreyna hvert raunverulegt innihald þeirra er, enda er hægt er að setja hvað sem er ofan í krukkur og aðrar umbúðir. Bann við snyrtivörum er þó ekki altækt og gerðar eru undanþágur, krem eru leyfð og í þeim tilvikum þegar mikil andlitsmálning er hluti af sjálfsmynd unglings er tekið tillit til þess. Í 13. gr. kemur fram að forstöðumaður meðferðarheimilis geti ákveðið að taka þvagprufu til rannsóknar eða óska eftir öðrum prófum með samþykki skjólstæðings, leiki grunur á að skjólstæðingur sé undir áhrifum áfengis, hafi neytt fíkniefna eða sé haldinn alvarlegum sjúkdómi. Í reynd eru þvagprufur meira notaðar en ákvæðið gefur til kynna. Á Stuðlum eru þær t.d. þáttur í venjubundinni framkvæmd, bæði við innlögn og meðferð barns. Þvagprufur eru þannig virkur þáttur í baráttunni gegn vímuefnavanda barna.⁵²

Samkvæmt 13. gr. getur forstöðumaður meðferðarheimilis ákveðið leit í herbergi skjólstæðings, leiki grunur á að þar séu falin fíkniefni eða aðrir hættulegir hlutir. Aldrei skulu vera færri en tveir starfsmenn við þá athöfn. Upplýsa skal viðkomandi skjólstæðing um leitina og skal gefa honum kost á að vera viðstaddur ef því verður við komið. Samkvæmt ákvæðinu

⁵¹ Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

⁵² Munnleg heimild, viðtal við Sólveigu Ásgrímsdóttur 22. febrúar 2012.

skulu fíkniefni undantekningarlaust afhent lögreglu. Hættulegum hlutum skal eyða með samþykki forsjáradila eða afhenda þeim til varðveislu. Samkvæmt 15. gr. reglnanna skal rekin lokuð deild á meðferðarstöð ríkisins að Stuðlum. Á lokaðri deild má vista skjólstæðinga annars vegar í skammtímavistun vegna neyðar- og bráðatilvika og hins vegar eftir strok af öðrum meðferðarheimilum eða stjórnleysi, sbr. 13 gr. reglnanna. Hámarks vistunartími á lokaðri deild skal, samkvæmt 16. gr. reglnanna, vera 14 sólarhringar. Skjólstæðingur sem vistaður er á lokaðri deild í meira en 24 klukkustundir skal hafa tækifæri til útiveru a.m.k. í eina klukkustund á dag. Á lokaðri deild er heimilt að hafa læstar útihurðir allan sólarhringinn. Þá er jafnframt heimilt að læsa herbergjum um nætur en starfsmaður skal ávallt vera staddur í næsta herbergi. Í V. kafla reglnanna er fjallað um skráningu upplýsinga og eftirlit Barnaverndarstofu. Samkvæmt 18. gr. ber forstöðumaður meðferðarheimilis ábyrgð á því að allar upplýsingar um vistun skjólstæðings séu skráðar með kerfisbundnum hætti og gögn séu varðveitt þannig að þau séu aðgengileg. Allar ákvarðanir um takmörkun réttinda skjólstæðings skulu skráðar ýtarlega í dagbók meðferðarheimilis. Einnig skulu ákvarðanir um beitingu þvingunaraðgerða skráðar í sérstakar skýrslur og strax sendar Barnaverndarstofu og viðkomandi barnaverndarnefnd. Ef Barnaverndarstofa gerir sérstakar athugasemdir við aðgerðir skulu þær sendar forstöðumanni meðferðarheimilis, viðkomandi barnaverndarnefnd og forsjáradila skjólstæðings. Ef brot á þessum reglum er talið hafa átt sér stað, geta skjólstæðingar, forsjáradilar, vistunaraðilar og starfsmenn meðferðarheimila komið kvörtunum á framfæri við Barnaverndarstofu samkvæmt 19. gr. reglnanna. Í ágúst 2008 tóku gildi reglur um meðferð kvörtunar vegna meðferðarheimila undir yfirstjórn Barnaverndarstofu. Reglur þessar eru settar af Barnaverndarstofu með stoð í 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og gilda eftir því sem við á um Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga og öll meðferðarheimili á vegum ríkisins sem rekin eru samkvæmt XIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í 4. gr. reglnanna kemur fram að eyðublöð fyrir kvartanir er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu, í handbók barna á meðferðarheimilum og í handbók starfsmanna meðferðarheimila. Samkvæmt 5. gr. skal skriflegum kvörtunum ævinlega beina til Barnaverndarstofu sem ákveður hvernig með þær skuli farið.

Í VI. kafla áðurnefndra reglna Barnaverndarstofu frá 1. febrúar 1999 um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum, sem settar voru með stoð í 51. og 52. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, er fjallað um önnur atriði en samkvæmt 20. gr. er óheimilt að gera samninga við skjólstæðinga sem ganga í berhögg við reglurnar. Í 21. gr. er mælt fyrir um að hverjum þeim sem vinnur á meðferðarheimili fyrir börn sé skylt að halda trúnað um allar persónulegar upplýsingar um skjólstæðinga sína, fjölskyldur þeirra og allt það sem fram fer á

heimilinu. Þá skal forstöðumaður heimilis sjá til þess að allir starfsmenn skrifi undir yfirlýsingu um þagnarskyldu þar sem taka skal fram að þagnarskylda haldist þrátt fyrir að látið sé af starfi.

10 Lokaorð

Í ritgerðinni hefur verið fjallað um þau grundvallarmannréttindi sem felast í friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar. Aðalumfjöllunarefnið hefur verið réttur barna, sem vistuð eru á meðferðarstofnunum, til þessara mannréttinda og er komist að þeirri niðurstöðu að börn ættu að njóta friðhelgi einkalífs til jafns við fullorðna. Jafnframt er því slegið föstu að þessi réttindi skuli virt í hvívetna og taki þannig bæði til einkalífs á heimili og innan veggja meðferðarstofnana. „Einkalíf“ er margþætt hugtak, en kjarni þess felst í því að hver maður skuli ráða yfir lífi sínu og líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi, sbr. umfjöllun Bjargar Thorarensen sem vitnað var til í kafla 2.1.2.

Fjallað var um 16. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í ákvæðinu er kveðið á um að börn skuli ekki sæta gerræðislegum eða ólögætum afskiptum af einkalífi sínu og tekið fram að þau eigi rétt á vernd laganna fyrir afskiptum og árásum. Þá var fjallað um þá meginreglu barnaréttar að gera skuli þær ráðstafanir sem barni eru fyrir bestu, forsjárskyldur foreldra og samráðsrétt barna. Komist var að þeirri niðurstöðu að fylgja beri meginreglunni til hins ýtrasta og stjórnvöldum beri að veita nægilegu fé til stofnana sem þjónusta börn. Að því búnu voru kynntar sérhæfðar meðferðarstofnanir sem starfræktar eru á Íslandi í þeim tilgangi að veita börnum greiningu og meðferð. Fjallað var um barna- og unglingsdeild Landspítalans og þær takmarkanir sem gerðar eru á hinum ýmsu réttindum barna sem leggjast inn á deildina. Komist var að þeirri niðurstöðu að lagarammi um takmarkanirnar væri alfarið óviðunandi enda væru takmarkanirnar ekki gerðar með lögum, eins og áskilið er í 71. gr. stjórnarskrárinnar. Því næst var fjallað um 82. gr. barnaverndarlaga, en í ákvæðinu er sérstaklega fjallað um rétt barna, sem vistuð eru á stofnunum, til friðhelgi einkalífs og skýrt í hvaða nánar tilgreindum tilvikum beita má þvingunarráðstöfunum. Þá var fjallað um reglur sem gefnar voru út af Barnaverndarstofnu árið 1999 um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum, sem settar voru með stoð í þágildandi barnaverndarlögum nr. 58/1992. Samkvæmt munnlegum heimildum, sem aflað var í tengslum við ritgerðina, er leitast við að sýna börnum, sem lögð eru inn á þessar meðferðarstofnanir, fagmennsku og umhyggju og veita þeim öryggi. Þá er reynt eftir fremsta megni að virða friðhelgi einkalífs barnanna, en eðli máls samkvæmt er nauðsynlegt að takmarka þessi réttindi þeirra að einhverju leyti með tilliti

til markmiðs vistunar í hverju tilviki. Fram kom að vegna fjárskorts sé á stundum ekki fært að beita þeim úrræðum, sem henta barni best, en það gengur gegn því meginlögmáli barnaréttar að gera það sem barni er fyrir bestu.

Eftir lögfestingu 82. gr. bvl. á sl. ári er lagarammi um þvingunarráðstafanir á meðferðarstofnunum orðinn mun skýrari en áður. Er því mikil réttarbót af ákvæðinu og verður ekki betur séð en að réttindi barna að séu að þessu leyti tryggð. Enn eru þó í gildi fyrrgreindar reglur frá 1999 um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu. Brýnt er að gefnar verði sem fyrst út nýjar reglur sem eru í fullu samræmi við 82. gr. bvl., enda er þar mælt fyrir um að ráðherra skuli setja reglugerð, m.a. um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra, sbr. a. lið 4. mgr. ákvæðsins. Þá skal, samkvæmt 6. mgr., mælt fyrir um rétt barns og foreldra þess til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunefndar barnaverndarmála.

Meginniðurstaðan er því sú að friðhelgi einkalífs barna á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu sé tryggð með ákvæðum stjórnarskrár, alþjóðlegum mannréttinda-samningum og barnaverndarlögum og hún sé í framkvæmd virt í öllum aðalatriðum á þeim stofnunum sem til umfjöllunar voru. Hins vegar virðist barna- og unglिंगageðdeild vera í lagalegu tómarúmi og brýnt að löggjafinn setji lagaramma um framkvæmd innan deildarinnar ef takmarka skal mannréttindi barna.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Ármann Snævarr: *Barnaréttur*. Drög til 3. útgáfu. Handrit. Reykjavík 1987.

Ársskýrsla Barnaverndarstofu fyrir árin 2007-2008. Barnaverndarstofa, Reykjavík 2010.

Ársskýrsla Barnaverndarstofu fyrir árin 2008-2010. Barnaverndarstofa, Reykjavík 2012.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Friðhelgi einkalífs. Skýrsla um friðhelgi einkalífs og trúnaðar af hálfu opinberra starfsmanna. Umboðsmaður barna, Reykjavík 2003.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Ársskýrsla Barnaheilla 2010. Reykjavík 2010.

Salvör Nordal: „Friðhelgi Einkalífsins“ *Heimspækimessa. Ritgerðir handa Mikael M. Karlssyni prófessor sextugum*. Ritstj. Kristján Kristjánsson og Logi Gunnarsson. Reykjavík 2003, bls. 181-197.

Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 1999. Umboðsmaður barna, Reykjavík 2000.

Skýrsla umboðsmanns barna til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Umboðsmaður barna, Reykjavík 2002.

Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/?m=3&ser=98> (skoðuð 10. mars 2012).

Vefsíða Landspítala, <http://www.landspitali.is/pages/14221> (skoðuð 9. mars 2012).

Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn. Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík 2007.